

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Ljósmyndun MYL 223 Kennsluáætlun HAUST 2012	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		



Kennari	Véronique legros	Sk.st.	VER
	Viðtalstími : fös. kl. 9.00-9.40 í kennarastofu listnámsbrautar gsm : 691.1450 / netfang : vero@vma.is		

Áfangalýsing :

Í áfanganum fá nemendur innsýn í heim ljósmyndunnar og þeir eiga þess kost að spreyta sig á ýmsum aðferðum til að tjá hugmyndir sínar og sýn á umheiminn.

Þeir læra að nota undirstöðutækni við ljósmyndun (myndataka, bæði stafræn en einnig á filmu, við mismunandi aðstæður til að ná fram fjölbreyttu myndefni, framköllun og stækkun í myrkraherbergi, prentun og framsetningu)

Nemendur vinna að eigin verkefnum innan ákveðins ramma sem kennari setur fyrir. Áhersla er lögð á að þroska nemendur í inntaki og uppbyggingu einstakra mynda og myndraða með því að skoða og greina eigin verk, myndir samnemenda og myndir úr ljósmyndasögunni.

Markmið :

að nemandinn...

- ✓ sé meðvitaður um tjáningarmöguleika sína frá sjónarhóli ljósmyndunarinnar
- ✓ kunni að **beita myndavél** af öryggi
- ✓ geti **unnið sjálfstætt í ljósmyndaherbergi** og fullunnið ljósmynd til sýningar
- ✓ sýni hæfni til að **þróa myndhugmyndir**
- ✓ geti **kynnt eigin verk, varið hugmyndir** sínar eða afstöðu, **útskýrt eigið vinnuferli**
- ✓ sé fær um að **meta** eigin verk og annara á **upplýstann, gagnrýninn og greinargóðann** átt.

Námsmat og vægi námsþátta :

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin .

Höfð eru í huga atriði eins og áhugi, ástundun, virkni, hugmyndaauðgi, frumleiki, sköpun, túlkun, tjáning, ígrundun, listræn gildi verka, tæknileg færni, framfarir, úrvinnsla og frágangur, verkefnaskil.

Ferlið eða hvernig nemandi ber sig að við verkið **15%**

Afrakstur vinnunnar **60%.**

Lokaverkefni **20%**

Mætingar gilda **5%**

Það er 100 % mætingarskylda.

Einungis er gefið svigrúm fyrir 9 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu).

Ef þið getið ekki mætt, vinsamlega látið okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Verið stundvís og vinnusöm það skilar sér í lok annarinnar :)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Ljósmyndun MYL 223 Kennsluáætlun HAUST 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Innkaup :

- **Mappa A3** þessari möppu verður viðhaldið alla önnina (í tímum og líka heima)
t.d með tilraunum gerðum í myrkraherbergi, persónulegum rannsóknum og heimildum, hugmyndum, skrásetningum, upplifunum og athugasemdum eða skýringum ...



Æskilegt er nemendur eiga eða hafa aðgang að **filmuvél** sem hægt er að stilla og **stafrænni myndavél** ...



Hafið í huga að mæta alltaf í tíma með möppuna og jafnvel myndavél !

Áætlun um yfirferð :

*VIKA nr.	TÆKNI - MYRKRAHERBERGI	VERKEFNI ■ MYNDATÖKU
34	Kynning á kennsluáætlun	(stafræn ?)
35-36	Teknar eru myndir á filmu á ósjálfvirkar vélar (manual) og fullunar í myrkraherbergi.	1stu myndirnar
37		Ljós / Skugga
38	Í fyrstu verður áherslan lögð á myndatökuna	Sjálfsmýnd
39	og svo verður nemendum stígt af stígi kynntir starfshættir í	Nátturan
40	ljósmyndaherbergi - tilraunir / ljósteikningar / blöndun vökvanna...	Besti félagar
41	Þar næst verður kennt að framkalla filmu, gera snertiprentun	Hreyfing
42	og stækka og ganga frá myndirnar.	Mannveran
43	Kynning á lokaverkefninu	Umhverfið mitt
44		Lokaverkefni
45	Undirbúningur	" "
46	Myndataka	
47	Stækkun	
47	Frágangur SKIL	
48	29 nóv. OPIÐ HÚS á listnámsbraut	
	Sýning	

* ATH með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU

GANGI YKKUR VEL !

Með fyrirvara um breytingar

VÍRO

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

